

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 26. október 2014 í máli

nr. S-20/2014:

### Ákærvaldið

*(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Berglind Jónasardóttir hdl.)*

**Réttargæsla brotþola:**

*(Auður Hörn Freysdóttir hdl.)*

Mál þetta sem dómtekið var 26. maí sl., en endurupptekið og dómtekið á ný 26. september sl., höfðaði ríkissaksóknari 14. janúar 2014 á hendur X;

„fyrir neðangreind hegningarlagabrot framin á [Æ] svo sem hér greinir:

I.

Líkamsárás gegn fyrrum sambýliskonu sinni, [A]:

1. Með því að hafa miðvikudaginn 9. nóvember 2011 í íbúð að [...] slegið [A] í handleggi, andlit og höfuð, tekið hana hálstaki og sett hné í kvið hennar, en [A] var þá gengin rúma 21 viku með barn sitt og ákærða. Af þessu hlaut [A] glóðarauga, mar á kinnbeini og hægra augnloki, kúlu aftan á hnakka, mar á hægri og vinstri handlegg og eymsli yfir miðhandarbeinum hægri handar.

2. Með því að hafa fimmtudaginn 1. desember 2011 í íbúð að [...], slegið [A] í andlitið, ýtt henni í gólfið, rífið í hár hennar og hert að hálsi hennar með báðum höndum.

3. Með því að hafa föstudaginn 2. desember 2011 framan við fjölbýlishúsið að [...], veist með ofbeldi að [A] með því að slá hana með flötum lófa í andlitið inni í bifreið sem lagt á bifreiðastæði og rífið í hár hennar, því næst elt [A] út úr bifreiðinni og, er hún féll í jörðina, rífið í hár hennar, slegið hana nokkrum sinnum í andlitið og sparkað tvisvar til þrisvar í bak hennar og fætur.

Afleiðingar líkamssárásanna í ákæruliðum 2 og 3 voru þær að [A] hlaut blóðnasir, eymsli yfir hársverði, kúlu og bólgu á hnakka, mar og bólgu á nefbeini, sár vinstra megin á neðri vör, marblett framan á háls, eymsli víðsvegar á baki og yfir háls hryggjarliðum og marga marbletti á læri, hné og leggi.

Brot framin fimmtudaginn 7. febrúar 2013:

4. Með því að hafa í bifreið á leið frá verslunarmiðstöðinni Glerártorgi að heimili ákærða að [...], veist að [A], tekið hana hálstaki og rífið í hár hennar.

5. Með því að hafa stuttu síðar í svefnherbergi ákærða að [...], ýtt [A] í gólfið og sparkað ítrekað í höfuð hennar og búk en við spörkin slóst höfuð hennar utan í rúmgrind og rúmföt úr járn.

Afleiðingar líkamssárásar í ákæruliðum 4 og 5 voru þær að [A] hlaut húðblæðingu á hálsi vinstra megin, kúlu í hársverði vinstra megin yfir gagnauga, þreifeymsli yfir hægra gagnauga, mar framan við hægra eyra, þreifeymsli yfir neðri kjálka vinstra megin, sár neðan við efri vör vinstra megin og mar neðan við hægri olnboga.

Teljast brot ákærða samkvæmt ákæruliðum I/1 til I/4 varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot samkvæmt ákærulið I/5 varða við 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

II.

Stórfelldar ærumeiðingar gegn fyrrum sambýliskonu sinni [A], með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum I/1 til I/5, ítrekað móðgað og smánað [A], auk þess sem ákærði móðgaði og smánaði [A] ítrekað á sambúðartíma þeirra á tímabilinu 2010 til desember 2011 með því að tala niðrandi til hennar og um fjölskyldumeðlimi hennar.

Telst þetta varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

III.

Þjófnað með því að hafa í neðangreind skipti millifært fjármuni í gegnum heimabanka [A] af bankareikningi hennar, nr. [...] í útibúi Landsbankans á [Æ] inn á eigin bankareikning án þess að hafa heimild [A] til millifærslanna, en ákærði

hafði upplýsingar um aðgangsorð inn á heimabanka [A] og leylinúmer á bankareikningi hennar.

6. Með því að hafa þriðjudaginn 5. febrúar 2013 millifært kr. 60.000.
7. Með því að hafa fimmtudaginn 7. febrúar 2013 millifært kr. 119.000.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu [A], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 800.000 í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. desember 2011 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laganna frá því einum mánuði eftir að ákærða var birt bótakrafan til greiðsludags. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi verði slíkur reikningur lagður fram.“

Ákærði neitar sök, að öðru leyti en því að hann kannast við að hafa sparkað tvívegis í höfuð brotaþola, sbr. 5. tl. I. kafla ákæru. Hann krefst sýknu af öðrum ákæruliðum og að verða dæmdur til vægustu refsingar sem lög heimila vegna ákæruliðar I/5 og að bótakrafa verði lækkuð verulega.

Ákærði og brotaþoli munu hafa byrjað sambúð í byrjun árs 2010. Í nóvember og desember 2011, þegar atvik samkvæmt 1.-3. tl. I. kafla ákæru áttu sér stað, bjuggu þau saman að ..., Æ. Þegar atvik í 4. tl. og 5. tl. sama kafla áttu sér stað bjó ákærði hjá foreldrum sínum að ..., Æ en brotaþoli á Ö. Þau eignuðust dóttur í mars 2012. Segir í greinargerð ákærða að þau hafi verið búin að slíta sambúð þá en haldið sambandi samt sem áður fram í ársbyrjun 2013.

Ákærði segir að þau hafi í öndverðu bæði verið kannabisneytendur og hann hafi drukkið bjór til muna meira en brotaþoli. Rifrildi þeirra hafi sífellt orðið heiftarlegri. Framan til á meðgöngutíma hafi þau rifist og verið með læti, en hann hafi ekki beitt ofbeldi í neinni líkingu við það sem brotaþoli lýsi. Auk þess að rífast hafi þau oft verið að ýtast á og hún stundum greitt honum kinnhest án þess að hann léti það á sig fá.

Ákærði segir að eftir á að hyggja hafi áfengisneysla hans verið vandamál. Hann kveðst ekki hafa beitt brotaþola ofbeldi nema að því marki sem hann hafi játað sakargiftir í ákæru. Það hafi þó e.t.v. verið einhverjir pústrar, þótt þeir yrðu ekki að slagsmálum. Spurður um andlegt ofbeldi sagði hann sér ekki finnast það andlegt ofbeldi þegar tveir deili. Hann hafi raunar hallmælt móður hennar, því að þau eigi ekki skap saman. Brotaþoli hafi rakkað fjölskyldu hans niður.

Brotapoli kvað sambúðina í fyrstu hafa gengið vel, en síðan hefðu þau farið að rífast og „kýtingur“ verið milli þeirra. Kvartað hefði verið yfir hávaða og öskrum þar sem þau hefðu búið áður en þau fluttu í ... og þau ekki fengið leigusamning endurnýjaðan. Vinnuveitandi hennar hefði verið búinn að sjá á henni áverka þegar hún hefði mætt í vinnu. Síðan hefði hún orðið ófrísk og þau hefðu flutt saman í ... . Ákærði hefði á þessum tíma drukkið mikið og verið ofbeldisfullur og reiður með áfengi. Hann hefði sífellt lítillækkað hana, kallað hana heimska og sagt að hún væri sori og viðbjóður.

B, móðir brotþola, bar að samband ákærða og brotþola hefði verið hryllilegt. Hún hefði fylgst með því í hálf tveimur árum að hann kúgaði hana með gríðarlegu andlegu ofbeldi. Um tíma hefði brotþoli forðast móður sína, enda ekki viljað þiggja ráð um að hún ætti ekki að vera í sambandi við ákærða. Hún hefði um tíma reynt að leyna ástandi, en ekki tekist það, verið með kúlur, marbletti og slíkt, sem hún hefði reynt að skýra með því að hún hefði rekið sig í og þar fram eftir götunum. Andlega ofbeldinu hefði hún bæði orðið vitni að og brotþoli sagt henni frá því. Í eitt sinn hefði vitnið sent leigubíl eftir brotþola, sem hefði verið blóðug og grátandi.

Ákærði hefði gengið í skrokk á brotþola, bæði á meðgöngu og eftir að barnið fæddist. Ljós móðir hefði lýst áhyggjum við vitnið. Brotþoli hefði verið sem hengd upp á þráð. Hún hefði óttast að allt sem í kringum hana gerðist myndi leiða til þess að ákærði berði hana. Sjálfsmynd hennar hefði verið slæm.

Vitnið kvaðst ekki sjálf hafa séð ákærða beita brotþola ofbeldi umfram það að rífa í hana og hrinda henni til.

Vitnið kvað það hafa farið að gerast í seinni tíð að brotþoli fengi blóðnasir án tilefnis.

Fyrir nokkrum árum hefði brotþoli verið hraustleg ung kona, en ekki sé unnt að segja að hún sé það nú. Vitnið teldi það vera beina afleiðingu af sambandinu.

Vitnið C, faðir brotþola, sagði að sér hefði raunar verið haldið nokkuð utan við, en hann hefði vitað af því að sambandið gengi upp og niður. Atvik 2013 hefði verið eina skiptið sem hann hefði komið á vettvang vegna ofbeldis.

Brotþoli hefði verið spennt á þessu tímabili og stuttur í henni þráðurinn. Hann hefði eitt sinn fylgt henni á slysadeild vegna atviks, sem hefði gerst fyrir jóla, áður en brotþoli eignaðist barnið.

Aðspurður mundi hann eftir að D vinkona brotþola hefði hringt og sagt frá ofbeldi af hálfu ákærða. Fleiri hefðu verið búnir að segja honum frá slíku. Hann hefði því vitað vel að þetta væri í gangi. Eitt sinn hefði hann hjólað framhjá og séð inn um glugga að þau væru að rífast. Hann hefði bankað upp á til að grennslast fyrir um hvað gengi á. Brotþoli hefði beðið hann að fara og hann hefði orðið við því.

Hann hefði jafnan ráðlagt þegar haft hefði verið samband við hann að leitað yrði til lögreglu og aðstoð fengin ef ofbeldi ætti sér stað.

Víkur nú að einstökum ákæruliðum.

-

### **1. tl. I. kafla ákæru**

Lögreglu var tilkynnt klukkan 18:41 þann 9. nóvember 2011, um að maður hefði sést leggja hendur á konu inni í íbúð á jarðhæð að ..., Æ og síðan hefði heyrst þaðan háreysti og öskur. Fóru á staðinn lögreglumennirnir E og F. Í skýrslu sem hinn síðarnefndi ritaði, kemur fram að ekki hefði verið háreysti er þeir komu á staðinn.

Ákærði hefði komið í forstofu en ekki viljað opna. Hann hefði virst æstur og ausið þá skömmum og svívirðingum. Þeir hefðu séð brotþola í holi innan við forstofu og skilið bendingar hennar þannig að hún vildi ekki afskipti þeirra. Þeir hefðu fylgst með í nokkra stund. Tvívegis hefði ákærði opnað og hreytt í þá skömmum, en þegar í stað lokað aftur. Þeir hefðu metið það svo að afskipta þeirra væri ekki óskað og farið af vettvangi. Þeir hefðu ekið hjá nokkrum sinnum og þá allt virst vera með kyrrum kjörum.

Í sömu skýrslu segir að klukkan 21:02 hafi verið tilkynnt um mikil læti úr íbúðinni.

Hefðu lögreglumennirnir G og H farið á vettvang. Þar hefðu þau fengið upplýsingar um að ákærði og brotþoli hefðu ekið á brott. Vitni hefðu sagt ástand á heimili þeirra oft vera slæmt. Ákærði gengi í skrokk á brotþola oft og illa, þrátt fyrir að hún væri þunguð. Hann kallaði hana einnig öllum illum nöfnum og hótaði henni líkamsmeiðingum og dauða.

Meðan lögreglumennirnir hefðu verið á vettvangi hefði brotþoli komið heim, en hraðað sér snóktandi inn og ekkert viljað við lögreglumenn tala. Hefði þeim ekki verið unnt að aðhafast frekar.

Í áverkavottorði I læknis, dagsettu 8. mars 2013, segir að brotþoli hafi leitað á kvennadeild Sjúkrahússins á Akureyri og læknirinn hitt hana þar þann 9. nóvember 2011. Við komu hafi hún lýst því að hún hefði orðið fyrir heimilisofbeldi frá unnusta sínum og barnsföður, sem hefði gengið í skrokk á henni þann 7. nóvember 2011 og aftur að kvöldi komudags. Hann hefði lamið hana í handlegg, andlit og höfuð og ýtt í kvið. Þá hefði hann tekið hana hálstaki og lyft upp. Hún hefði leitað á kvennadeild vegna áhyggna af fósttri, sem hún hafi verið gengin með í 21 viku og sex dögum betur.

Samkvæmt skoðun var brotþoli með marbletti á andliti, glóðarauga, mar á kinnbeini og á hægri augnloki. Kúla var á hnakka, með eymslum. Á hægri handlegg var mar og eymsli yfir miðhandarbeinum 3 og 4, bæði bein og óbein eymsli. Á vinstri handlegg var mar og eymsli. Á fótleggjum voru marblettir sem virtust misgamliir.

Læknirinn staðfesti efni vottorðsins fyrir dómi.

Ákærði bar fyrir dómnum að í verknaðarlýsingu í ákæru sé búið að bæta miklu við. Sé uppspuni að hann hafi tekið brotþola hálstaki og sett hné í kvið hennar. Hann

geti hafa gripið til hennar og hún slegið til baka. Ákærði kvaðst ekki játa að hafa slegið brotþola, en spurður um orsök áverka sagði hann að þeir væru væntanlega af sínum völdum.

Brotþoli bar fyrir dómi um þetta atvik að ákærði hefði verið ölvaður og þau hefðu rifist. Hann hefði hent henni á sófa og tekið hana hálstaki. Hún hefði fengið blóðnasir og verið afar hrædd. Þá hefði hann, inni á baðherbergi, haldið henni niðri, barið í höndina á henni og sett hné á kvið. Hún hefði verið með verki í kviðnum eftir þetta. Hún hefði óttast um fóstrið og leitað til læknis. Hún hefði á þessum tíma ekki þorað að leita aðstoðar lögreglu eða þiggja slíka aðstoð.

Vitnið J, sem var nágrenni ákærða og brotþola, bar fyrir dómi að almennt hefði verið mikið um hávaða og högg í íbúð ákærða og brotþola. Það hefði einkum verið af hálfu ákærða og í garð brotþola. Ekki hefði verið búandi þarna fyrir höggum, hávaða, blótsyrðum og ógeðfældum orðum ákærða í garð brotþola.

Hún hefði eitt kvöld komið heim um kvöldmatarleyti og séð inn um glugga að ákærði sló til brotþola þar sem þau voru inni í svefnherbergi. Sér hefði fundist sem hann slægi með flötum lófa og hún geti ekki verið viss um hvort höggið hafi lent á brotþola eða ekki. Hann hefði áttað sig á að til hans sæist og dregið fyrir gluggann. Þegar hún hefði komið heim hefði kona sem gætti barns lýst því að mikið hefði verið um hávaða og læti í hálfu til eina klukkustund. Vitnið kveðst hafa hringt til lögreglu og staðfesti að hafa hringt úr númeri sem getið er í dagbók lögreglu um þetta tilvik.

Vitnið K kvensjúkdómalæknir skoðaði brotþola þann 10. nóvember 2011. Kveður hún skoðunina hafa verið í tilefni af því að ótti hefði verið um að eitthvað hefði komið fyrir fóstrið, en skoðun hefði ekki leitt neitt slíkt í ljós.

Vitnið kveðst hafa skráð hjá sér athugasemd um að frásögn brotþola hefði verið um að högg hefði komið á vinstri hlið kviðar, en ekki séð nein ummerki eftir högg.

Vitnið F staðfesti frumskýrslu sína.

Vitnið H lögreglumaður staðfesti að hafa komið að ... vegna síðari tilkynningarinnar. Tilkynningin hefði hljóðað um hávaða og læti og meint heimilisofbeldi. Enginn hefði verið heima. Brotþoli hefði síðan komið heim akandi og gengið beint inn og virt lögreglumenn að vettugi. Rætt hefði verið við nágrenna og komið fram það sem rakið væri í frumskýrslu um hávaða og meint heimilisofbeldi.

Vitnið G lögreglumaður staðfesti að hafa komið á vettvang. Þá hefðu konur verið fyrir utan, sem hefðu sagt að ákærði og brotþoli væru farin. Brotþoli hefði komið heim, en ekki viljað tala við lögreglumennina.

Vitnið L bar að þennan dag hefði vinur sonar hennar komið í heimsókn og sagt að lögreglan væri fyrir utan og karlmaður væri úti með læti. Síðan hefði hún verið að fara út með rusl, þegar hún hefði heyrt öskur og læti frá íbúð ákærða og brotþola. Hefði ákærði sagt: „Ætlar þú að koma mér í fangelsi helvítið þitt, ég drep þig, þú átt það svo skilið að vera lamin.“ Sér hefði þótt greinilegt að ákærði væri að ráðast á brotþola. Hún hefði farið inn og hringt til lögreglu. Síðan hefði hún farið út

aftur ásamt M, systur sinni. Brotapoli hefði séð þær og komið út. Hún hefði verið útgrátin. Hún hefði beðið þær að hringja ekki til lögreglu, en þær sagt henni að það hefði verið gert. Hún hefði þá talað um að fara burt með ákærða svo lögregla næði honum ekki. Skömmu síðar hefðu ákærði og brotapolí ekið á brott.

Vitnið M kvaðst eitt sinn hafa verið úti með systur sinni og þær heyrt hljóð annað slagið. Þá hefði hún heyrt ákærða öskra: „Ég nýt þess að berja þig ógeðið þitt.“ Þær hefðu hringt til lögreglu. Brotapoli hefði beðið þær að hringja ekki til lögreglu. Hún hefði verið í mikilli geðshræringu. Hún hefði ekki hleypt lögreglunni inn. Þetta geti hafa verið 9. nóvember 2011.

-

## **2. tl. I. kafla ákæru**

Rannsókn á þessu atviki hófst ekki fyrr en samhliða rannsókn á atvikum 2. desember 2011, sbr. næsta kafla.

Ákærði bar um þetta fyrir dómi að þetta hefði verið eitt af þessum skiptum sem þau hefðu verið að rífast og það endað með því að brotapolí hefði farið og hann viti núna að hún hefði farið til vinkonu sinnar.

Spurður hvort hann hefði beitt ofbeldi kvaðst hann neita því.

Brotapoli bar fyrir dómi að ákærði hefði veist að sér í þetta sinn og hún hefði tekið á móti. Ákærði hefði hrint henni og tekið hana hálstaki. Hún hefði fengið blóðnasir. Hún hefði farið inn í herbergi og lagst í rúm. Ákærði hefði komið og lyft dýnunni. Hún hefði flúið út og farið niður í biðskýli, síðan með leigubifreið heim til D vinkonu sinnar. Ákærði hefði komið akandi þangað, ölvaður. D hefði hringt til lögreglu, sem hefði komið og handtekið ákærða.

Vitnið D bar almennt um samband ákærða og brotapöla, að brotapolí sem hún kveðst hafa þekkt síðan árið 2007, hefði leynt mörgu fyrir henni. Hún hefði séð merki um ofbeldi. Tvívegis hefði brotapolí komið til hennar blóðug. Þetta hefði líklega verið í nóvember og desember, þegar brotapolí hefði verið barnshafandi.

Síðara tilvikið hefði verið verra. Brotapoli hefði þá verið í sjokki, hefði fengið blóðnasir og sýnilega hefði blætt mikið. Hún hefði sagt vitninu að ákærði hefði ráðist á hana og slegið hana með flötum lófa. Hún hefði verið aum í hársverði. Hún hefði gist hjá vitninu um nóttina. Ákærði hefði komið og barið að dyrum, en vitnið ekki hleypt honum inn. Vitnið hefði hringt til lögreglu. Vitnið taldi að þetta hefði verið eftir atvikið á bílplaninu, sem lýst er í 3. tl. I. kafla ákæru, en tók fram að kvöldið áður hefði brotapolí líka komið til hennar, en þá farið heim eða til móður sinnar.

## **3. tl. I. kafla ákæru**

Hinn 2. desember 2011, klukkan 18:45, hafði móðir brotapöla samband við lögreglu og greindi frá því að skömmu fyrr hefði ákærði ráðist á brotapolá. Segir í

frumskýrslu að tilkynningin hafi komið á sama tíma og ákærði hefði verið handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur.

Lögreglumaðurinn N ræddi við vitnið O símleiðis, sem lýsti því að hafa heyrt ákærða öskra: „ég skal brenna allt sem þú átt.“ Hún hefði síðan séð að brotaþoli lá á götunni og ákærði var að sparka í hana. Brotaþoli hefði staðið upp og ákærði farið á eftir henni, rifið í hana og slegið hana ítrekað í andlitið.

Þá ræddi N við vitnið L, sem kvaðst hafa verið stödd á vettvangi ásamt O og lýsti því að hafa heyrt öskur. Brotaþoli hefði kallað „hættu, hættu“ og ákærði sagð henni „að drullast á lappir.“ Hann hefði síðan sparkað í hana og slegið hana.

Einnig ræddi N við vitnið M, sem kvaðst hafa verið í bifreið við ..., þegar hún hefði séð bifreið lagt í stæði, Brotaþoli hefði ekið. Þau ákærði hefðu verið að rífast inni í bifreiðinni og skyndilega hefði hann slegið hana með krepptum hnefa. Hann hefði síðan gripið í bók hennar við hálsinn og togað hana að sér, hrist hana og öskrað á hana. Hann hefði síðan slegið hana eitthvað meira. Vitnið kvaðst hafa unnið með brotaþola sumarið áður og oft hafa séð á henni nýja áverka á höndum og á andliti.

Samkvæmt skýrslu um leit í bifreiðinni mátti sjá blóðslettur á báðum hurðarspjöldum framhurða, í öikumannssæti, á stökk milli framsæta, á mælaborði við miðja bifreiðina og á stýri hennar.

Í vottorði I læknis segir að brotaþoli hafi leitað á kvennadeild þann 3. desember 2011. Hún hafi þá verið gengin 26 vikur í meðgöngu. Hún hafi sagt tildrög komunnar þau að sambýlismaður hefði gengið í skrokk á henni 1. desember og 2. desember, hrint henni, barið, dregið hana á hárinu, lamið í andlit og sparkað í hana. Hún hefði áhyggjur af fóstrinu.

Við skoðun hefði brotaþoli verið með eymsli þegar þreifað hefði verið á hársverði og bólga og eymsli hefðu verið efst á hnakka, einnig rétt ofan við hárlínu aftan á hálsi. Á hnakka hefði verið bólga og það hefði þreifast kúla þar. Það hefði ekki verið sjáanleg blæðandi sár. Greinilegt mar hefði verið á nefbeini og bólga. Á neðri vör vinstra megin hefði verið sár. Eymsli hefðu verið þegar þreifað hefði verið yfir vöðvum meðfram hrygg og einnig eymsli þegar þreifað hefði verið yfir neðstu háls hryggjarliðum, meira þegar þreifað hefði verið yfir vöðvum meðfram hrygg vinstra megin. Það hefðu einnig verið þreifueymsli þegar þreifað hefði verið yfir spjaldhrygg. Þá hefði verið marblettur framan á hálsi, rétt hliðlægt við tiltekinn vöðva rétt ofan við viðbeinið.

Á fótleggjum hefðu verið margir marblettir, bæði á lærum, hnjám og leggjum. Þeir hefðu verið misgamlir af lit þeirra að dæma. Fætur hefðu verið kaldir, en ekki sjáanleg áverkamerki þar. Á hægri hendi hefðu verið eymsli þegar þreifað hefði verið yfir miðhandarbeini 5. Þessi eymsli hefðu einnig verið til staðar við skoðunina 9. nóvember 2011. Ákveðið hefði verið að brotaþoli fengi endurkomutíma þann 5. desember til mats og mögulega röntgenmyndatöku. Hún hefði ekki leitað aftur til göngudeildar kvennadeildar vegna þessa.

Ákærði bar fyrir dómi að hann myndi ekki vel hvað gerðist um daginn. Þau hefðu verið í bifreið fyrir utan ... og verið að rífast. Þau hefðu síðan verið á leið inn. Brotaþoli hefði gengið aftur fyrir næstu bifreið og fallið þar, án þess að hann viti

ástæðu þess, en það hefði verið hált. Hún hefði setið þar. Ákærði hefði viljað koma henni í hús og tekið í hettu hennar og sagt henni að standa upp, en hún hefði neitað. Hún hefði farið þangað sem systir hans hafi búið í næstu húsalengju og hann á eftir. Þá hefði einhver komið og sagt honum að hætta. Hann hefði þá farið heim. Hann kvaðst hvorki hafa slegið brotþola né sparkað í hana.

Spurður um atvik inni í bifreiðinni kvaðst ákærði hvorki hafa slegið brotþola þar né rifið í hár hennar. Þau hefðu aðeins rifist. Spurður um blóðnasir sem brotþoli fékk, giskaði hann á að hún hefði fengið þær af æsingi. Ákærði gat þess að hún ætti það til að fá blóðnasir án nokkurrar ástæðu. Spurður um áverka samkvæmt vottorði vísaði hann til þess að hann hefði tekið í hettu hennar og að brotþoli hefði fallið.

Í skýrslu brotþola fyrir lögreglu 3. desember 2011 kom fram að hún hefði gist hjá D vinkonu sinni aðfaranótt 2. desember. Ákærði hefði verið mjög afsakandi vegna atburða daginn áður og viljað gera gott úr öllu. Hún hefði ákveðið að fara heim.

Fyrir dómi bar hún að hún hefði sótt ákærða í vinnu og hann verið ölvaður. Hún hefði fundið að þessu og þau hefðu rifist. Hún hefði ætlað til móður sinnar og ákærði verið afar ósáttur við það. Hann hefði farið að hárreyta hana, síðan slegið hana í andlitið og hún fengið blóðnasir. Hann hefði viljað að hún kæmi inn. Hún hefði farið út úr bifreiðinni og ætlað til systur ákærða. Hún hefði fallið. Ákærði hefði staðið yfir henni og sparkað í hana. Hann hefði rifið í hettu á úlpu hennar og rifið hana af. Nágrannakonur hefðu verið úti við og komið að og reynt að stöðva ákærða. Hún hefði staðið upp og farið til systur ákærða. Hún myndi ekki eftir að ákærði hefði hrint henni og slegið hana á ný rétt áður en hún hefði komið til systurinnar. Þaðan hefði hún farið til móður sinnar í leigubíl. Móðir hennar hefði hringt til lögreglu.

Hún hefði farið upp á kvennadeild daginn eftir. Hún hefði fyrst og fremst verið að hugsa um fóstrið og viljað vera viss um að ekkert amaði að því.

Vitnið N staðfesti frumskýrslu sína fyrir dómnum. Atvik hefðu verið með þeim hætti að lögregla hefði stöðvað för ákærða og handtekið hann vegna gruns um ölvunarakstur, áður en tilkynning um líkamsárás hefði borist.

Vitnið I staðfesti áverkavottorð. Hún kvaðst telja að áverkar samrýmdust vel sögu brotþola. Vitnið staðfesti sérstaklega að bólga í hnakka gæti vel samrýmst því að tekið hefði verið í hár brotþola.

Vitnið O sem var nágrenni ákærða og brotþola, bar að hún hefði oft orðið vitni að öskrum, hurðarskellum og slíku. Þá hefði hún heyrt ákærða vera orðljótan í garð brotþola, með því að segja henni til dæmis að hún væri ógeðsleg og að hún væri hóra.

Eitt sinn hefði vitnið verið fyrir utan ásamt nágrannakonu sinni. Þá hefðu þær heyrt öskur og hefði ákærði verið að sparka í brotþola liggjandi úti á götu. Þær hefðu kallað til hans. Brotþoli hefði þá hlaupið aðeins niður götuna. Vitnið hefði farið á eftir og komið að, þar sem ákærði hefði verið að slá brotþola þar sem hún hefði legið samanhnipruð. Hann hefði slegið hana af alefli nokkrum sinnum. Hún hefði verið blóðug. Hann hefði verið í slæmu ástandi, reiður yfir afskiptum vitnisins og augnaráðið tómlagt. Hann hefði hrint vitninu. Maður hefði komið út í glugga og

vitnið beðið hann að hringja til lögreglu. Vitnið hefði svo fylgt brotapolu heim til systur ákærða.

Vitnið L kvaðst hafa verið úti ásamt nágrannakonunni sinni. Þær hefðu séð að brotapolu lá og ákærði var yfir henni og sparkaði í hana. Vitnið hefði sagt honum að hætta. Brotapolu hefði staðið upp og farið niður götuna, ákærði á eftir, en vitnið hefði farið og líklega hringt til lögreglu. Brotapolu hefði verið blóðug í framan.

Vitnið kvaðst hafa séð aðrar árásir af hálfu ákærða á brotapolu og heyrt hávaða og öskur hans, þar sem hann hefði meðal annars sagt henni að hún ætti skilið að vera lamin. Nefndi vitnið tilvik þegar lögregla hefði komið en ekki verið hleypt inn. Þetta hefði verið í nóvember 2011.

Vitnið M kvaðst hafa unnið á sama stað og brotapolu, á að giska í maí til ágúst 2011. Stundum hefði mátt sjá á henni að eitthvað hefði gerst, hún hefði til dæmis verið grátbólgin og merki um að hún hefði borið farða yfir áverka á gagnauga.

Vitnið kvaðst hafa farið með dóttur sína í pössun til L systur sinnar í ... að kvöldi 2. desember 2011. Hún hefði séð ákærða slá til brotapolu, þar sem þau hefði verið inni í bifreið, en ekki vera viss um það hvort slegið var með flötum lófa eða krepptum hnafa. Vitnið kvaðst ekki hafa gert neitt, en farið til systur sinnar með dótturina.

#### 4. tl. og 5. tl. I. kafla ákæru

Faðir ákærða hringdi í Neyðarlínu 7. febrúar 2013 klukkan 16:44 og bað um aðstoð, þar sem hann réði ekki við son sinn. Lögregla fór heim til hans og handtók ákærða, sem varðist handtökunni af öllum mætti og var æstur, ölvaður og blóðugur í andliti og á höndum, eftir því sem segir í frumskýrslu P lögreglumanns. Faðirinn greindi frá því að ákærði hefði lagt hendur á brotapolu eftir rifrildi og brotið rúðu á efri hæð hússins. Faðir brotapolu var á vettvangi og sagði að brotapolu væri eitthvað meidd. Lögregla færði ákærða í fangahús, en faðir brotapolu fylgdi henni á slysadeild.

Í áverkavottorði Q læknis, dagsettu 28. febrúar 2013, segir að brotapolu hafi komið á bráðamóttöku í fylgd föður síns þann 7. febrúar. Er eftir henni haft um atvik að hún hafi verið stödd á heimili barnsföður og ætlað til föður síns. Hinn fyrrnefndi muni þá hafa tryllst og ráðist að henni með höggum og spörkum. Hún hafi fengið spark í hægri framhandlegg, högg í andlit vinstra megin og einnig högg á höfuð hægra megin og höfuðið þá slegist ítrekað í rúmgöfl. Tengdafaðir hennar hafi komið að og gengið á milli. Dóttir brotapolu hafi verið á staðnum, 10 mánaða gömul.

Brotapolu hafi verið með kúlu í hársverði vinstra megin yfir gagnauga og einnig þreifeymsli yfir gagnauga hægra megin. Framan við hægra eyra hafi verið að myndast mar. Hún hafi útskýrt það með því að árásarmaður hefði lamið höfði ítrekað við rúmgöfl. Þreifeymsli hafi verið yfir neðri kjálka vinstra megin en ekki hafi verið sjáanlegt mar. Húðblæðing hafi verið á hálsi vinstra megin eins og eftir þrýsting og neðan við efri vör vinstra megin í andliti hafi verið um 1 cm langt sár,

sem hafi verið grunnt og ekki blætt úr því. Á hægri handlegg hafi verið mar neðan við olnboga. Brotapoli hafi fundið fyrir verkjum við hreyfingar og einnig við að hreyfa fingur. Hún hafi sagst vera með verki í úlnlið eftir eldri áverka.

Röntgenmynd af hægri handlegg hafi ekki sýnt brotáverka. Brotapoli hafi ekki leitað til bráðamóttökunnar á ný.

Lögregla yfirheyrði ákærða 8. febrúar og kvaðst hann ekkert muna, en fyrir dómi bar hann að hann myndi vel eftir atvikum. Þau brotapolí hefðu verið hætt að leigja saman, þar sem þau hefðu ekki fengið leigusamning endurnýjaðan og hún flutt heim til móður sinnar, sem býr í öðru héraði, en hann til foreldra sinna. Þau hefðu þó verið saman ennþá. Brotapoli hefði komið og gist, með dóttur þeirra. Ákærði hefði fengið sér bjór og reynt að dylja það fyrir brotapolá. Þau hefðu farið á Glerártorg seinni hluta dags. Þaðan hefðu þau ekið heim til ákærða. Á heimleið hefðu þau farið að rífast og enn verið að rífast þegar þau hefðu komið heim. Þau hefðu farið upp í herbergi og rifist. Ákærði hefði haldið á dóttur þeirra. Brotapoli hefði slegið hann í öxlina. Hann hefði hrint henni á rúmið, hún síðan fallið á gólfíð og hann þá sparkað tvisvar í hana. Hann kvaðst iðrast þessa afar mikið. Spörkin hefðu farið í höfuð hennar, en hann hefði ekki sparkað fast. Hann hefði verið á sokkaleistunum. Hann kvaðst telja ólíklegt að höfuð hennar hefði slegist í eitthvað. Faðir hans hefði komið í sama mund og ákærði hefði hætt. Brotapoli hefði staðið upp og farið inn í annað herbergi. Örskömmu síðar hefði faðir hennar komið og síðan lögreglan.

Brotapoli bar að ákærði hefði ekki hætt að drekka eftir að barnið var fætt. Sjálfsálit sitt hefði verið mjög lítið og hún hefði ekki haft neina trú á sjálfri sér. Hún hefði einnig alltaf vonað að ákærði myndi bæta sig. Í febrúar hefði hann fullvissað sig um að hann væri hættur að drekka. Hún hefði farið í heimsókn til Æ.

Hún hefði orðið vör við að ákærði væri undir áhrifum áfengis, þegar þau fóru á Glerártorg fimmtudaginn 7. febrúar. Þetta hefðu verið mikil vonbrigði. Á heimleið hefðu þau farið að rífast. Ákærði hefði rífið í hár hennar og slegið hana með flötum lófa. Hann hefði tekið í handhemil, en hún hefði ekið hægt, svo að henni hefði ekki fípast við aksturinn. Þau hefðu farið heim til ákærða. Hún hefði ætlað að pakka saman og fara. Faðir ákærða hefði tekið barnið af ákærða og gengið til stofu.

Brotapoli hefði farið upp, en ákærði hefði hrint henni á leiðinni. Líklega hefði hann þá verið kominn með barnið aftur. Hann hefði síðan elt hana upp, haldið á barninu, hrint henni og sparkað nokkrum sinnum í höfuð hennar, sem hefði slegist í rúmfótinn. Faðir ákærða hefði komið og á einhverjum tímapunkti hefði hann tekið barnið af ákærða. Hún hefði komist á fætur, tekið barnið og farið inn í annað herbergi. Ákærði hefði brotið rúðu með því að skalla í hana. Hún hefði hringt í föður sinn og hann síðan komið. Skömmu síðar hefði lögreglan komið. Hún hefði farið á slysadeild skömmu síðar.

Vitnið P lögreglumaður staðfesti frumskýrslu sína.

Vitnið R, faðir ákærða, kvaðst hafa verið heima hjá sér og verið á neðri hússins, er ákærði og brotapolí hefðu komið heim og farið upp á efri hæð. Skömmu síðar hefði hann heyrt hávaða og farið upp. Hann hefði séð brotapolá slá ákærða í öxlina. Ákærði hefði hrint brotapolá, sem hefði fallið á rúmið og þaðan á gólfíð.

Vitnið hefði tekið barnið sem ákærði hefði haldið á. Í framhaldi af þessu hefði

brotapoli staðið upp og vitnið farið með hana og barnið í annað herbergi. Ákærði hefði brotið rúðu. Aðspurt sagði vitnið að ákærði hefði sparkað tvisvar í brotapolu, en vitnið hefði ekki séð hvar spörkin lentu. Atburðarásin hefði verið hröð og stutt.

Vitnið kvaðst ekki vilja tjá sig um samband ákærða og brotapola. Vitnið staðfesti að ákærði hefði farið í meðferð, stundaði vinnu og héldi bindindi.

Vitnið C, faðir brotapola, bar að brotapoli hefði verið búin að hringja og segjast ætla að koma í heimsókn. Síðar hefði hún hringt og greint frá því að ákærði væri búinn að ráðast á hana. Hann hefði þegar farið heim til ákærða og jafnframt hringt til lögreglu. Hann hefði séð ákærða, en ekki skipt sér af honum, heldur sinnt brotapolu, sem hefði verið grátandi og algerlega miður sín.

Vitnið Q læknir staðfesti vottorð sitt. Hún sagði áverka vel geta samrýmst því að högg hefðu komið sitt hvorum megin á höfuð. Ummerki á hálsi, húðblæðing, væri væntanlega annað hvort eftir högg eða þrýsting. Brotapoli hefði verið í uppnámi og verið grátandi í fyrstu. Það hefði tekið hana nokkra stund að segja frá atvikum.

## II. kafli ákæru

Af hálfu ákæruvaldsins er einkum á því byggt að líkamsárásir, svo og orð sem ákærði hafi látið falla við brotapolu samkvæmt frásögn brotapola og vitna, varði honum refsingu samkvæmt 233. gr. b almennra hegningarlaga. Er því mótmælt af hálfu ákærða að hann hafi í orði eða verki móðgað eða smánað brotapolu, þannig að við ákvæðið varði. Kvaðst ákærði aldrei hafa leitast við að móðga brotapolu þótt þau hefðu rifist og tekið hvort í annað.

## III. kafli ákæru

Ákærði bar um þetta að brotapoli hefði verið með bifreið hans. Hann hefði verið atvinnulaus og ekki haft tekjur. Hann hefði millifært 60.000 krónur með vitund og vilja brotapola til að greiða af bifreiðinni. Þau brotapoli hefðu haft aðgang að heimabanka hvors annars. Raunar væri hann ekki viss um það hvort þeirra hefði millifært peningana.

Eftir atvikið í ... hefði hann millifært peninga, líklega til að brotapoli færi ekki að eyða þeim. Hann kvaðst þó ekki alveg vita hvað honum hefði gengið til. Hann hefði skilað peningunum þegar hann hefði farið að átta sig.

Brotapoli bar að ákærði hefði þekkt bankaaðgangsorð hennar. Hann hefði verið búinn að nefna það við hana að hjálpa sér við að greiða af bifreið, en hún hefði aldrei verið búin að samþykkja það. Hún hefði ekki sagt neitt sem hann hefði getað skilið sem samþykki hennar. Þau hefðu ekki verið par á þessum tíma, en hann

hefði að sönnu lánað henni bifreiðina, til að hún gæti komið til Æ með dótturina af og til, til að leyfa honum að hitta hana.

### **Niðurstaða um 1. tl. I. kafla ákæru**

Eins og rakið er hér að framan kölluðu nágrannar ákærða og brotþola lögreglu tvívegis til að kvöldi 9. nóvember 2011 vegna ófriðar. Vitnið J, sem hafði samband við lögreglu í fyrra sinnið, kveðst hafa séð inn um glugga að ákærði sló til brotþola. Er hún eina vitnið, að brotþola frátalinni, að ofbeldi af hálfu ákærða þennan dag.

Samkvæmt framburði ákærða og brotþola rifust þau heiftarlega þennan dag og kom til átaka, þótt ákærði geri ekki mikið úr þeim.

Að framan er rakið vottorð læknis, þar sem áverkum brotþola er lýst. Ákærði rengdi ekki að hafa valdið þessum áverkum. Með vísan til þess, framburðar brotþola, lýsingar hennar fyrir lækni á verknaði ákærða og framburðar vitna um ófrið á heimili ákærða og brotþola, þykir nægilega sannað að ákærði hafi valdið áverkunum. Verður hann talinn sannur að sök um þann verknað, sem í þessum ákærulið er lýst, að því undanteknu að gegn neitun hans og með hliðsjón af áverkum, verður ekki talið sannað að hann hafi tekið brotþola hálstaki og sett hné í kvið hennar. Verknaðurinn varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var yfirheyrður um þetta atvik af lögreglu þann 3. desember 2011.

Rannsókn stöðvaðist síðan, allt til útgáfu ákæru 14. janúar 2014. Var sök þá fyrnd, sbr. 1. tl. 1. mgr. og 5. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum. Verður ekki á það fallist með ákæruvaldinu að meta beri háttsemi sem rakin er í I. kafla ákæru sem framhaldsbrot, þar sem verknaðir beindust að líkama brotþolans og ekki er uppfyllt skilyrði um framhaldandi röð atvika, þar sem langur tími leið milli þriggja fyrstu atvikanna og hins fjórða.

Samkvæmt þessu verður ákærða ekki refsað fyrir háttsemina, sbr. lokamálsgrein 81. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins hvað þennan ákærulið varðar.

### **Niðurstaða um 2. tl. I. kafla ákæru**

Um þetta tilvik liggur aðeins fyrir framburður ákærða og brotþola. Neitar ákærði sök. Vitnið D staðfesti að brotþoli hefði komið til hennar, en taldi að það hefði hún einnig gert kvöldið eftir, eftir atvik sem fjallað er um í næsta kafla. Ekki verður slegið föstu að áverkar samkvæmt vottorði hafi að einhverju leyti komið til fyrra kvöldið. Gegn neitun ákærða þykir því varhugavert að telja nægilega sannað að hann hafi beitt brotþola valdi í þetta sinn. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins hvað þennan lið varðar.

### **Niðurstaða um 3. tl. I. kafla ákæru**

Brotapoli lýsir því að ákærði hafi slegið hana í andlit í þetta sinn, þar sem þau hafi setið inni í bifreið fyrir utan heimili þeirra, með þeim afleiðingum að hún hafi fengið blóðnasir. Ummerki í bifreiðinni styðja það að hún hafi fengið blóðnasir þar inni. Vitnið M kveðst hafa séð ákærða slá til brotþola inni í bifreiðinni. Í áverkavottorði kemur fram að greinilegt mar og bólga hafi verið á nefbeini brotþola. Að þessu virtu verður talið nægilega sannað að ákærði hafi slegið brotþola inni í bifreiðinni eins og honum er gefið að sök. Eymsli og bólga í hársverði og bólga og eymsli á hnakka sem lýst er í áverkavottorði, styðja það að tekið hafi verið í hár brotþola, en því verður ekki slegið föstu hvort það hafi verið gert inni í bifreiðinni og aftur er út var komið, eða aðeins í annað sinnið.

Með framburði brotþola og vitnanna L og O, svo og með vottorði um áverka brotþola, telst nægilega sannað að ákærði hafi veist með ofbeldi að brotþola er út úr bifreiðinni var komið og greitt henni högg og spörk, með þeim afleiðingum sem í ákæru er lýst. Varðar verknaðurinn við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Af sömu ástæðum og raktar eru í niðurstöðu um 1. tl. þessa kafla ákæru, er sök fyrnd. Verður ákærði samkvæmt því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins hvað þennan lið varðar.

### **Niðurstöður um 4. tl. og 5. tl. I. kafla ákæru**

Í 4. tl. I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa veist að brotþola með ofbeldi í bifreið, tekið hana hálstaki og rifið í hár hennar. Ákærði neitar sök að þessu leyti, en til þess verður að líta að hann kvaðst ekki muna eftir atvikum er hann gaf skýrslu fyrir lögreglu. Það styrkir hins vegar framburð brotþola, sem ákæruvaldið byggir einkum á, að samkvæmt læknavottorði var húðblæðing á hálsi eins og eftir þrýsting. Getur þetta vel samrýmst því að tekið hafi verið um háls brotþola. Að þessu athuguðu þykir rétt að leggja framburð hennar til grundvallar um þetta. Samkvæmt því telst nægilega sannað að ákærði hafi veist að brotþola eins og greint er í þessum lið ákæru. Varðar verknaðurinn við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur játað sök samkvæmt 5. tl. I. kafla ákærðu, að því marki að hann kveðst hafa sparkað tvívegis í brotþola. Hljóðar framburður föður hans einnig um tvö spörk. Með hliðsjón af þessu, framburði brotþola og vottorði um áverka hennar er nægilega sannað að ákærði hafi sparkað ítrekað í höfuð brotþola. Áverkarnir benda einnig til þess að við það hafi höfuð hennar slegist í eitthvað, sem brotþoli segir hafa rúmgrind eða rúmfót. Fallist verður á það með ákæruvaldinu, þótt miðað sé við að ákærði hafi verið á sokkaleistunum, að þessi verknaðaraðferð falli undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt því ákvæði.

### **Niðurstaða um II. kafla ákæru.**

Hér að framan er rakið hvernig foreldrar brotaþola lýstu sambandi ákærða og brotaþola. Framburður móður brotaþola og hennar sjálfrar hljóðar almennt um að ákærði hafi oft í sambúð þeirra verið móðgandi með orðum. Dómurinn telur hins vegar að ekki verði afmarkað nægilega hvernig ákærði hafi almennt móðgað og smánað brotaþola ítrekað á tímabilinu 2010 til desember 2011 með því að tala niðrandi til hennar og um fjölskyldumeðlimi hennar, þannig að því verði slegið föstu að það verði metið sem stórfelldar ærumeiðingar, svo sem áskilið er í 233. gr. b. almennra hegningarlaga. Er heldur ekki tekið fram í ákæru hvaða orð ákærða er gefið að sök að hafa látið falla í þessu samhengi.

Þá kemur til athugunar hvort fallast beri á það að ákærði hafi með þeirri háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru brotið gegn ákvæði 233. gr. b. almennra hegningarlaga. Í niðurstöðum um 2. lið þess kafla var komist að því að ekki væri nægilega sannað að ákærði hefði framið verknáð sem þar er lýst og kemur hann því ekki til álita hér. Að öðru leyti var komist að því að brotaþoli hefði sætt líkamsárásam af hálfu ákærða eins og nánar er rakið í niðurstöðum um hvern lið fyrir sig.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 27/2006 segir um 3. gr., en með henni var leidd í lög 233. gr. b. almennra hegningarlaga, að markmið ákvæðisins sé einkum að sporna við því að höfð séu í frammi ummæli eða athafnir á milli nákominna sem taldar verði á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, svo sem ýmsar athugasemdir eða athafnir geranda sem m.a. beinist að útliti, persónulegum eiginleika eða hátterni brotaþola. Þá segir að meiri líkur verði taldar á að fullnægt sé skilyrðinu um stórfelldar ærumeiðingar ef fyrir liggja að móðgandi eða smánandi orðbragð eða athafnir á milli nákominna sé endurtekið.

Fyrir liggur að ákærði réðst ítrekað að brotaþola með líkamlegu valdi og veitti henni sýnilega áverka, síðast í febrúar 2013. Dómurinn telur samkvæmt framansögðu að fallast verði á það með ákæruvaldinu að meta beri þessa háttsemi sem móðganir og smánanir í verki, sem að teknu tilliti til endurtekningar háttseminnar verði að telja stórfelldar ærumeiðingar, þannig að varði við 233. gr. b. almennra hegningarlaga.

### **Niðurstaða um III. kafla ákæru**

Ákærða er hér gefið að sök að hafa tvívegis brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga með því að færa fé af bankareikningi brotaþola.

Ákærði nýtti sér að hann hafði nauðsynleg aðgangsorð að heimabanka brotaþola. Hann staðhæfir að 60.000 krónur sem voru færðar 5. febrúar 2013 hafi verið samkvæmt samkomulagi þeirra brotaþola um að hún stæði straum af afborgun og váttryggingum vegna bifreiðar hans, sem brotaþoli hafði til umráða. Ákærði hefur lagt fram afrit af bankayfirliti þar sem kemur fram að hann hafi samdægurs greitt váttryggingarfélagi og fjármögnunarleigu rúmlega 54.000 krónur samtals. Brotaþoli kannast við að ákærði hafi rætt um þetta við sig, en hún hafi aldrei gefið samþykki fyrir þessu. Dómurinn telur að þessu athuguðu að skynsamlegur vafi leiki á því að ákærða hafi mátt vera ljóst á verknáðarstundinni að hann hefði ekki heimild

brotþola til að verja fé hennar í þessu skyni. Vegna þessa vafa verður verknaðurinn ekki metinn honum saknæmur. Ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Hvað síðari millifærsluna varðar er ljóst að ákærði hafði enga heimild til hennar og enga réttmæta ástæðu til að ætla að hann hefði slíka heimild.

Með því að fá fé fært milli reikninga eftir að hafa opnað heimabanka með aðgangsorði brotþola, þannig að viðskiptabanki hennar gat ekki vitað betur en að brotþoli stæði sjálf að verki, blekkti ákærði viðskiptabankann til að færa fé af reikningi hennar og hafði þannig fé af henni. Varðar þetta við 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða verður refsað samkvæmt því ákvæði, samkvæmt heimild í 180. gr. laga nr. 88/2008.

### **Ákvörðun refsingar, skaðabóta og sakarkostnaðar.**

Ákærði hefur hér verið fundinn sekur um brot gegn 1. mgr. 217. gr., 2. mgr. 218. gr., 233. gr. b. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða fram til ársins 2012 hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Með tveimur dómum í júní það ár sætti hann samtals 90 daga fangelsi og var sviptur ökurétti ævilangt fyrir brot gegn umferðarlögum. Ber að gæta ákvæðis 78. gr. almennra hegningarlaga, að því marki sem brot gegn 233. gr. b. almennra hegningarlaga voru framin fyrr, en að öðru leyti reglna 77. gr. laganna. Þá ber að gæta ákvæðis 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Að þessu gættu þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur farið í meðferð vegna áfengisvanda síns. Liggur ekki annað fyrir en að hann hafi haldið bindindi og stundi vinnu. Þá ber að líta til þess að nokkur tími er liðinn frá því að brotin voru framin. Að þessu athuguðu þykir fært að skilorðsbinda refsingu hans að fullu, eins og nánar greinir í dómsorði.

Bótakröfu er getið í ákæru og var hún reifuð við munnlegan málflutning. Ákærði hefur bakað sér skyldu til greiðslu miskabóta. Þykja þær hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Vextir verða dæmdir frá því er síðasta brot var framið, þ.e. 7. febrúar 2013 og dráttarvextir frá 17. apríl 2014, en þá var liðinn mánuður frá því að bótakrafa var birt.

Eftir þessum málsúrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða helming sakar kostnaðar, en að öðru leyti greiðist hann úr ríkissjóði.

Útlagður sakarkostnaður nemur samkvæmt yfirliti 166.088 krónum. Máls varnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Berglindar Jónasardóttur hdl. og réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Auðar Harnar Freysdóttur hdl., ákveðast eins og greinir í dómsorði, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

Gætt var ákvæðis 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 8 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði A 600.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 7. febrúar 2013 til 17. apríl 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 396.794 krónur í sakarkostnað, þar með talinn helming máls varnarlauna skipaðs verjanda síns, Berglindar Jónasardóttur héraðsdómslögmanns, sem í heild ákveðast 376.500 krónur og helming réttargæslulauna skipaðs réttargæslumanns brotþola, Auðar Harnar Freysdóttur héraðsdómslögmanns, sem í heild ákveðast 251.000 krónur. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.